



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda rekstrarheimilda fyrir hjúkrunarrými sem Reykjavíkurborg hefur gefið frá sér síðastliðinn áratug*

Þann 18. október 2023 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda rekstrarheimilda fyrir hjúkrunarrými sem Reykjavíkurborg hefur gefið frá sér síðastliðinn áratug:

Hversu margar heimildir til reksturs hjúkrunarrýma hefur Reykjavík gefið frá sér síðastliðinn áratug?

Svar:

Á umræddu tímabili hefur Reykjavíkurborg sagt upp rekstrarheimildum 20 hjúkrunarrýma og var það gert á þessu ári.

Reykjavíkurborg rekur nú samtals 103 hjúkrunarrými. 83 eru á Droplaugarstöðum og þar eru nú 3 sérhæfð rými fyrir MND-sjúklinga og stefnt að opnun fleiri slíkra. Í Seljahlíð hafa verið rekin 20 hjúkrunarrými samhliða 45 þjónustuíbúðum. Hjúkrunarrýmin eru rekin með samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og fá notendur þeirra slíkum rýmum úthlutað í kjölfar færni- og heilsumats sem framkvæmt er af heilbrigðisþjónustunni og þurfa því umtalsverða hjúkrunarþjónustu. Íbúar í þjónustuíbúðum fá slíkum íbúðum úthlutað af hálfu Reykjavíkurborgar og stendur borgin straum af kostnaði við þær, en íbúar taka þátt í kostnaði.

Samrekstur þessara þjónustubátta hefur ekki reynst borginni hagfelldur og því tók borgarráð þá ákvörðun á síðasta ári að segja upp rekstri þessara rýma og þróa aðra þjónustu við eldra fólk í húsinu, jafnframt því að hafa þann möguleika að fjölga þjónustuíbúðum þar. Rekstrarheimildum er þannig skilað til SÍ en einstaklingarnir sem þá þjónustu hafa fengið í Seljahlíð munu flytjast á önnur hjúkrunarheimili. Er þetta í fyrsta sinn sem Reykjavíkurborg skilar rekstrarheimildum hjúkrunarrýma.